

127. löggjafarþing 2001–2002.  
Þskj. 94 — 94. mál.

## Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um styttingu rjúpnaveiðitímans.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvert er viðhorf ráðherra til þess að stytta rjúpnaveiðitímam og hefja veiðar t.d. 1. nóvember í stað 15. október í því skyni að hlífa stofninum við óhóflegu veiðiálagi og draga úr hættu á að akstur veiðimanna utan vega valdi landspjöllum?